

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur: 1. september 2009

Gildistaka: 1. september 2009

RS: 8/2009

Kemur í stað RS: 1/2002

Efni: Afgreiðsla á málum vegna þjófnaðar í verslun.

Samkvæmt RS: 2/2009 eru auðgunarbrot, sem getið er í 1. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, á skrá yfir brot sem ljúka má með lögreglustjórásátt. Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir því að heimildinni sé fyrst og fremst beitt gagnvart búðþjófnaði þótt hin almenna heimild sé rýmri.

Þrátt fyrir þessa heimild, sem bundin er því skilyrði að einungis sé um smáræði að tefla og að sökunautur hafi ekki áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, sbr. 1. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga, kann að vera rétt að beita niðurfellingu saksóknar og/eða fresta ákæru til refsingar skilorðsbundið með hliðsjón af brotaferli kærða. Til samræmingar eru hér settar fram almennar leiðbeiningar um annars vegar afgreiðslu þessara mála með tilliti til heimilda um niðurfellingu saksóknar og ákærufrestunar og hins vegar heimildar til að ljúka máli með lögreglustjórásátt. Rétt þykir að vekja hér athygli á Fyrirmælum/Leiðbeiningum RS: 7/2009 um sáttamiðlun, sem taka til þjófnaðarbrotá almennt og þykir mjög álitlegur kostur vegna brota ungra afbrotamanna.

Kærði er á aldrinum 15-17 ára þegar brot er framið og játar sök: Fyrsta

afgreiðsla: Fallið frá saksókn skv. a- og d- liðum 3. mgr. 146. gr. sml.

Önnur afgreiðsla: Ákærufrestun í 2 ár.

Þriðja afgreiðsla: Sektargerð, sbr. RS: 2/2009. Minnt er á ákvæði 4. mgr. 56. gr. almennra hegningarlaga.

Fjórdá afgreiðsla: Ákæra.

Ákærufrestun er að jafnaði útilokuð hafi kærði áður hlotið ákærufrestun fyrir annað hegningarlagabrot.

Kærði er 18 ára eða eldri þegar brot er framið og játar sök:

Fyrsta afgreiðsla: Fallið frá saksókn skv. a- og d- liðum 3. mgr. 145. gr. sml.

Önnur afgreiðsla: Sektargerð, sbr. RS: 2/2009.

Þriðja afgreiðsla: Ákæra.

Þrátt fyrir ofangreint kann að vera ástæða til að falla frá saksókn eða ljúka máli með ákærufrestun, allt eftir atvikum ef brot er óverulegt og persónulegar aðstæður kærða jafnframt sérstakar.

Valtýr Sigurðsson